

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1978

9. janúar 1978.

1

Nr. 1.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 23. janúar 1978 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

9. febrúar 1978.

L Ö G

Nr. 2.

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 6. febrúar 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslur hinn 6. febrúar 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok aprílmánaðar 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisstil, að frádregnum 13% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsg., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna 8. febrúar 1978.

Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. 65% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskimjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsildar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsild.
- b. 35% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið a) 43% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 57% til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir- mæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. febrúar 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.